

Almannavarnaráð Árborgar

Skipulag vegna samfélagsröskunar

Efnisyfirlit

1. Almannavarnaráð (ARÁ) og Viðbragðsstjórn Árborgar (VÁ)
2. Reglubundnar skýrslur frá ARÁ og VÁ til að fylgjast með stöðunni
3. Sjálfræsandi viðbragðsteymi Árborgar
4. Virkjun, boðun og fyrstu viðbrögð
5. Tímasetja aðgerðarhringrás

Skipulag vegna samfélagsröskunar

Skipulag Árborgar vegna samfélagsröskunar felst í eftirfarandi:

1. Almannavarnaráð (ARÁ) og Viðbragðsstjórn Árborgar (VÁ)

Almannavarnaráð og Viðbragðsstjórn Árborgar tryggja að markmiðunum 8 sé sinnt

Almannavarnaráð Árborgar (ARÁ) starfar skv. erindisbréfi frá 17. mars 2021 (erindisbréfið er að finna hér <https://www.arborg.is/media/skjol/Erindisbref-Almannavarnarrads-samthykkt.pdf>). ARÁ starfar áður en að atburður verður og á eftir, en ekki í aðgerðinni sjálfri. Í aðgerðinni sjálfri er það Viðbragðsstjórn (sbr. Kafla 3.3) sem leiðir aðgerðir. Viðbragðsstjórn var stofnuð árið 2020 með samþykkt frá bæjarstjórn. Ábyrgðin á markmiðunum skiptist á milli þeirra eftirfarandi. ARÁ og VÁ saman tryggja að stjórnýsla fyrir skipulag Árborgar vegna samfélagsraskana sé góð og að henni sé fylgt. ARÁ og VÁ skipta með sér verkum með eftirfarandi hætti.

Áhættustýring (áður) á ábyrgð ARÁ

1. Að skilja áhættuna (Áhættugreining)
2. Að draga úr áhættunni (Forvarnir)
3. Að undirbúa aðgerðir út frá sviðsmyndinni (Viðbúnaður)

Aðgerðir (á meðan) á ábyrgð VÁ

4. Að halda yfirsýn og verjast atburðarás sem skapar hættu (Staðan og Varnir)
5. Að bjarga lífi (Lífsbjörg) (Ekki markmið sveitarfélaga, heldur neyðarþjónustu)
6. Að veita neyðaraðstoð (Vernd)
7. Að endurreisa samfélagið (Endurreisn, Viðspyrna)

Lærdómsferli (eftir) á ábyrgð ARÁ

8. Að læra af reynslunni (Breytingaferli)

Samvinnu ÁRA og VÁ er lýst í eftirfarandi töflu:

Markmið	Hlutverk	
	Almannavarnaráð Árborgar (á í samstarfi með Almannavarnanefnd Árnessýslu)	Viðbragðsstjórn Árborgar (á í samstarfi með Aðgerðarstjórn)
1. Skilja áhættuna	Leitast við að gera grein fyrir hvað áhættur ógna Árborg, upplýsa viðbragðsstjórn og bæjarráð/bæjarstjórn. Leitar eftir samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði. Óskar eftir greiningum sem hafa verið unnar af hálfu almannavarna	Starfar ekki við áhættugreiningu
2. Forvarnir	Leiðir starf við að finna hvernig megi draga úr líkum og leggur fyrir bæjarráð/ bæjarstjórn	Starfar ekki við forvarnir
3. Viðbúnaður	Vinnur náið með viðbragðsstjórn	Leiðir viðbúnaðarstarf
4.-7. Aðgerðir	Starfar ekki í aðgerðum	Starfar í aðgerðum. Gefur út stöðuskýrslur og aðgerðaráætlanir
8. Lærdóm/breytingar	Leiðir. Gefur út rýniskýrslur og tryggir samþykktir fyrir breytingar.	Tekur þátt í að læra af reynslunni og innleiða breytingar

2. Reglubundnar skýrslur frá ARÁ og VÁ til að fylgjast með stöðunni

A) ARÁ gefur út árlega

1. Ástandsskýrsla (State-of-Readiness Report).

- a) Gögn, birgðastaða og þekking starfsmanna á viðbragðskerfinu eru metin
- b) Tillögur til úrbóta
- c) Eintak sent til bæjarstjórnar á vorin með rekstraráætlun til samþykktar.

2. Áætlun áhættustýringar (State-of-Readiness Plan).

- a) Eintak sent til bæjarstjórnar við fjárhagsgerð á haustin um hvaða verkefni skulu vera unnin á næsta ári

B) VÁ gefur út í skýrslur á meðan á aðgerðum stendur

1. Stöðuskýrslur (Status Report)

- a) Skýrslur notaðar í aðgerðum. Mismunandi útgáfur geta verið búnar til á sama vinnustað. T.d. gæti velferðarþjónustan búið til skýrslur fyrir sig sem eru nákvæmar og fylgja persónuverndarlögum og einnig búið til yfirlitsskýrslu til að senda til viðbragðsstjórn.

2. Aðgerðaráætlanir (Operations Plan/ Plan of Action)

- a) Áætlanir um hvernig sveitarfélagið mun starfa, gefnar út reglulega (daglega, vikulega, mánaðarlega, o.s.frv.)
- b) Ákveða þarf hversu langt fram í tímann áætlun skal ná

3. Rýnisskýrsla innan aðgerðar (In-Action Report) í löngum aðgerðum

1. Notaðar til að skoða hvort breytu eigi stefnu við tiltekna aðgerðir.
2. Rýnisskýrsla innan aðgerðar (In-Action Report). Hér er átt við formlegt rýni á tilteknu atviki eða aðgerðinni í heild á meðan á aðgerðum enn stendur. Það yrði gert til að kanna hvort að tiltekna aðgerðir virkar eða aðgerðirnar í heild, og þá hvort og hvernig ætti að breyta um stefnu og/eða markmið í aðgerðinni. T.d. hafa þó nokkrar rýnisskýrslur innan aðgerða verða gerðar vegna Kóvíd-19 til að skoða hvort og hvernig aðgerðir til að draga úr útbreiðslu hafa skilað sér.

C) ARÁ getur út í kjölfar aðgerða

1. Rýnisskýrsla eftir aðgerð (After-Action Report) um hvað lærðist í rýni

2. Breytingarskýrsla þar sem lýst er því sem búið er að breyta.

- Breytingarskýrslur geta komið á mismunandi tímum frá mismunandi aðilum.

3. Sjálfræsandi viðbragðsteymi Árborgar

Ráshópar Stjórnendur geta þurft að setja saman skyndilega 2-3 manna hóp til aðstoða sig við yfirvofandi eða yfirstandandi atburðarás. Slíkir hópar eru nefndir *ráshópar*. Líklegt er að bæjarstjóri, sviðsstjórnari, deildarstjórnari og aðrir stjórnendur þurfi að stofna ráshóp. Stjórnandi velur fólk úr hópi nærstaddra. Verkefni geta verið margvísleg, en ávallt brýn. Stjórnandi leysir rásteymið frá störfum þegar betra skipulag er komið á. Lög um ... gefa stjórnendum heimild til að skipa fólk í hlutverk sem það að öllu jöfnu sinnir ekki. Rásteymi eru ekki skipulögð fyrirfram, en stjórnendur geta undirbúið verkefni sem þeir gætu þurft hjálp við, eins og að hringja út eða halda utan um upplýsingar.

Vinnustaðateymi eru 3-5 manna teymi sem miðast við vinnustaði, en ekki starfsemina sem fer þar fram. T.d. er eitt vinnustaðateymi fyrir ráðhúsið, Austurveg 67, hverja skólabyggingu o.s.frv. Vinnustaðateymi eru öryggisteymi starfsmanna og tryggja að hlúð sé að fólk í kjölfar aðgerða, að húsnæði sé í lagi, að brunavarnir séu í lagi, hugað sé að sóttvörum, og önnur öryggismál sem viðkoma öllum starfsmönnum vinnustaðarins. Yfirmenn velja fólk í vinnustaðateymi, tryggja að þau starfi. Heppilegt er að rótera fólk á 2-3ja ára fresti til að allir finni til ábyrgðar gagnvart vinnustaðnum og hvort öðru. Nöfn manna og leiðbeiningar handa þeim er að finna í þessu skjali hér. Vinnuteymi skulu funda a.m.k 2svar á ári. (setja hér link um mönnun teymis).

Málefmateymi Þegar röskun hefur átt sér stað í samfélaginu er mikilvægt að starfsmenn fái tíma til að taka stöðuna á málum á þeirra fagsviði, setji það í samhengi við hugsanlega framvindu, og hugi að mögulegum úrræðum í samráði við nánustu samstarfaðila. Aðstæður sem starfsmenn eru að glíma við er ekki hefðbundnar og því verða úrræðin líklega ekki heldur. Til að skapa þetta umhverfi eru skilgreind svokölluð málefmateymi. Málefmateymi Árborg eru: *Stjórnsýslu- og Efnahagsteymi, Innviðateymi, Félagshjónustuteymi og Samfélagsteymi*. Samfélagsteymi skiptist í *Fræðsluteymi og Menningarsteymi*. Lögð er áhersla á að teymin hugsi „út fyrir kassann“, skoði hvernig röskunin hefur áhrif á samfélagið í heild sinni og finna heildrænar lausnir. Málefmateymi verða mikilvægari eftir því sem frá líður og ekki víst að það séu kölluð saman fyrr en brýn neyðarviðbrögð eru yfirstaðin. Teymin skulu funda árlega til að fara yfir verkleg. Það gæti verið gert á æfingu. (setja hér link um mönnun teyma).

Sérteymi eru stofnuð þegar fólk á mismundandi sviðum, deildum, stofnun o.þ.h. þurfa að leysa saman eitthvað sérstakt verkefni. Dæmi um sérteymi eru *Húsnæðisteymi, Eignateymi og starfsmannateymi*. Það fyrra er til að aðstoða íbúa sem verða heimilislaus í kjölfar atburðar og það seinna er að skipuleggja og forgangs skoðanir og viðgerðir á eignum Árborgum og húsnæði í leigu. Starfsmannateymi fylgist með ástand starfsmanna, t.d. álag, fjölskylduaðsæður og andlegt þrek vegna ástandsins. Mönnun og leiðbeiningar er að finna í Sérteymaskjali. (setja hér link um mönnun teyma).

4. Virkjun, boðun og fyrstu viðbrögð

Virkjun

Bæjarstjóri virkjar VÁ og önnur teymi þegar

1. Bæjarstjóri telur ástæðu til
2. Fyrirmæli frá bæjarstjórn
3. Fyrirmæli frá ríkislögreglustjóra um almannavarnastig
4. Ábendingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
5. Beiðni frá sveitarstjórnarráðuneytinu um að aðstoð nágrannasveitarfélag

Sveigjanleiki í virkjun

Sveigjanleiki verður að vera til staðar í kerfinu til að geta brugðist rétt við mismunandi aðstæðum.

1. Engin tvö útköll eru eins
2. Bæjarstjóri virkjar eftir þörfum og skipar fólk eftir ástæðum
3. Árborg getur skilgreint eigin virkjunarstig, en það skal aðlagast virkjunarstig almannavarna

Árborg getur því virkjað viðbragðskerfið, þ.e., teymi, gátlista, eyðublöð og vinnuferla,

- meðal hluta starfsmanna, jafnvel fámenns hóps, eftir atvikum án þess að það hafi mikil áhrif á venjubundinn störf annarra.
- Teymin
- Teymin og allt starfsfólk
- Eða kallað í allt sitt starfsfólk úr fríi sem geta komið, eins og slökkvilið gerir við stórbruna

Boðun

Bæta þarf hér við lýsingu á því hvernig boðun fer fram, t.d.

- Árborg er með aðila sem býr til SMS hópsendingar – skoða hvernig eigi að nýta hann.
- Skoða hvernig ÁRBORG getur notað NEYÐARLÍNU til að boða teymi til starfa. NL myndi þá senda SMS þar sem fólk veit hvernig það eigi að bregðast við. Einnig getur NL til að hringja í EINN aðila.
- Hafa kerfi til að fylgjast með hverjir séu búnir að tékka sig inn. Skoða kerfi BÁ.


Almenn fyrstu viðbrögð eru

- Bæjarstjórinn
 - virkjar ráshóp, eftir þörfum
 - virkjar VÁ, þ.m.t. fulltrúa BÁ.
 - Uppýsir formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar
 - Upplýsir lögreglustjóra
- Viðbragðsstjórn
 - Metur hvar VÁ skal starfa
 - Virkjar önnur teymi eftir þörfu, tryggir mönnun og gefur þeim fyrirmæli (sveigjanleiki varðandi mönnun eftir aðstæðum)
- Viðbragðsteymi
 - Hefja störf skv. boðun eða sjálfræsingu
 - Skipuleggja innri störf (fara yfir gátlista, ákveða verkaskiptingu, samráð)
 - Tryggja aðstöðu, aðbúnað og aðföng
 - Fylgja vinnuferlum sínum vegna ástands
 - Sinna viðfangsefnum, útbúa verkefni.
 - Sinna erindum sem berast
 - Bæjarráð/Bæjarstjórn vinnur skv. sínum gátlistum.

5. Tímasetja aðgerðarhringrás

- Aðgerðarhringrásin - Hvernig upplýsingar færast á milli

(æðarkerfið)



Gert er ráð fyrir að hvert viðbragðsteymi vinni að fyrstu ástandskönnun og í framhaldinu fyrsta stöðuyfirlit og fyrstu ákvörðun um forgangsmál, og geri drög að sínum aðgerðaráætlun eins fljótt og hægt er eftir það tekur til starfa.

Viðbragðsstjórn tímasetur aðgerðarhringrás eins fljótt og auðið er, þ.e. hvenær og hversu ört viðbragðsteymin skuli skila upplýsingum til Viðbragðsstjórnar. Í því felst að gefa teymunum fyrirmæli um hvenær þau eiga að senda inn til Viðbragðsstjórnar. Viðbragðsstjórn ákveður hvort upplýsingarnar eru munnlegar eða skriflegar. Með öðrum orðum:

Viðbragðsstjórn ákveður tíðni og tímasetningar á hvenær viðbragðsteymin senda sér

1. Uppfærða Aðgerðaáætlun
2. Uppfært Stöðuyfirlit
3. Uppfært mat á framvindu og forgangsmál

Þegar upplýsingar um stöðuna breytast hratt, eins og til dæmis í byrjun aðgerða er líklegt að Viðbragðsstjórn biður um daglegar uppfærsslur. Þegar líður á gætu þær nokkrum sinnum í viku, vikulega og svo mánaðarlega. Mikilvægt er að Viðbragðsstjórn kalli aftir uppfærðum gögn þar sem búið er að lýsa yfir að aðgerðum sé lokið, jafnvel þó að verið sé að biðja eftri uppfærslum á 6 mánaða fresti. Einnig geta breytingar orðið örari í stað hægari, t.d. þegar kröftur í eldgos eykst eftir að hafa dvínað.

Viðbragðsstjórn byggir eigin aðgerðaráætlun, stöðuyfirlit og forgangsmál á gögnum frá viðbragðsteymunum og öðrum gögn til að skipuleggja eigin störf og upplýsa bæjarstjórn

6. Afboðun og rýni

Afboðun

Bæjarstjóri tilkynnir tey munum, öllum starfsmönnum og bæjarstjórn

- Þegar aðgerðum er lokið og ekki skal lengur vinna samkvæmt áætlum, nota tiltekna gátlista eða búa til tilteknar skýrslur skal bæjarstjóri tilkynna það formlega þannig að allir starfsmenn séu meðvitaðir um það.

Bæjarstjóri tilkynnir öðrum eftir atvikum, t.d. lögreglustjóra.

Afboðun getur gerst í þrepum:

- Sumir starfsmenn vinna lengur skv. áætlun en önnur.
- Þeir sem eru afboðaðir eru beðnir um að ganga frá lokaskýrslum og rýniskýrslum skv. nánari fyrirmælum frá Viðbragðsstjórn
- Viðbragðsstjórn skoðar hvort að rýmkaðar heimildir sem veittar voru skulu afturkallaðar.

Rýni

Um leið og aðgerðum er lokið hjá tilteknum starfsmannahóp, skal skipuleggja rýniferli